

**Mál nr. 118/2008**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ smábátatryggingar.**

**Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns á smábát.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 16.6.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.6.2008.

**Málsatvik.**

Báturinn A var í eigu M. Hann var húftryggður samkvæmt smábátatryggingu hjá vátryggingafélaginu X og tímabilið 1.1.2005 til 31.12.2005 nam vátryggingarfjárhæð 8.000.000 krónum.

Aðfaranótt 13.3.2005 sökk A í Hafnarfjarðarhöfn. Tjónið var metið það mikið að ekki þótti fært að gera við bátinn. X viðurkenndi bótaskyldu úr húftryggingunni en með tilliti til gildandi afskriftarreglna og aldurs búnaðar í bátnum taldi X tjónið að fullu bætt með 2.130.000 krónum. Greiddi félagið þá fjárhæð til M að frádreginni eigin áhættu auk kostnaðar við að koma bátnum á land. M krefst þess að sér verði greiddar 8.000.000 krónur, þ.e. vátryggingarfjárhæðin, þar sem um altjón hafi verið að ræða.

Í bréfi X til nefndarinnar kveðst félagið ekki samþykkja að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í málinu.

**Álit.**

Fyrir úrskurðarnefnd krefst M þess að úrskurðað verði að hann eigi skaðabótakröfu á hendur X að fjárhæð 8.000.000 krónur. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. X samþykkir ekki fyrir sitt leyti að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu. Ágreiningurinn heyrir því ekki undir nefndina og ber því að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.